



Áveitan

2. tbl. 12. árgangur. Febrúar 2018

Þorralót í Þjórsárveri 2018

Hið geysivinsæla þorralót í Þjórsárveri verður haldið laugardagskvöldið 17. febrúar n.k. Húsið opnar kl 20:30 og borðhald hefst kl 21:00.

Nefndin, sem að þessu sinni samanstendur af bæjunum við Hurðarbaksveg, Súluholtsveg og Hróarsholtsveg, ásamt hjáleigum, mun bjóða upp á þorrahlaðborð frá Veisluþjónustu Suðurlands, heimatilbúin skemmtiatriði, og hljómsveitina Allt í Einu, sem mun halda uppi dansstuðinu fram eftir nóttu.

Miðapantanir eru í síma 892-4155 (Fanney á Hurðarbaki) og í síma 771-8342 (Gunnlaug í Hróarsholti) eða netfangið gunnlaug@floaskoli.is

Panta skal miða í síðasta lagi 11. febrúar. Miðaverð er 7.800 kr.

Þetta verður eitthvað!

Nefndin



Opið hús

Fimmtudaginn 8. febrúar verður opið hús í Þjórsárveri fyrir ungt fólk á aldrinum 16-26 ára. Húsið opnar kl. 20:00 og stendur til 23:00. Dagskráin verður með svipuðu sniði og síðast, farið verður í nokkra leiki og haft gaman saman. Hlökkum til að sjá ykkur.

Ungmennaráð

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir

fanneyo@emax.is

S: 892-4155

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir

idunnyr84@gmail.com

S: 865-1454

Bryndís Eva Óskarsdóttir

801haholt@internet.is

S. 846-7188

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Á skrifstofu Flóahrepps stendur yfir frágangur bókhaldsársins 2017 og stefnt að því að leggja fram ársreikning ársins 2017 á fundi sveitarstjórnar í mars. Vinna við álagningu fasteignagjalda fer fram í febrúar og fyrsti gjalddagi þeirra hefur verið ákveðinn 1. mars 2018.

Álagningarprósentur fasteignaskatts í Flóahreppi árið 2018 verða sem hér segir: A-flokkur 0,50% af fasteignamati, b-flokkur 1,32% af fasteignamati, c-flokkur 1,65% af fasteignamati. Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2018 verða eftirfarandi: Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Það er gott til þess að hugsa í byrjun þorra að sól er byrjuð að hækka á lofti og veturinn hálfnaður. Við getum þakkað veðurguðunum fyrir stillt veður og litla snjókomu þó að við höfum aðeins þurft að hægja á okkur vegna hálkunnar. Það er nauðsynlegt við aðstæður eins og hafa verið undanfarnar vikur en líka stundum hollt að gefa sér meiri tíma til þess að fara á milli staða og njóta þess sem hver dagur býður uppá því allir eru þeir hver með sínu sniði og hver dagur kemur aðeins einu sinni.

En af samgöngumálum er það helst að fréttu, að eftir að bætt var við framlög til samgöngumála á Suðurlandi þá á Villingaholtsvegur að fá, eftir breytingar 5 daga þjónustu Vegagerðarinnar. Sannarlega góð viðbót og ber að þakka það því að á Villingaholtsvegi sem er fjölfarinn, hafa oft skapast erfiðar aðstæður,

bæði ófærð og mikil hálsa. Á sama tíma verður aukin þjónusta á Urriðafossvegi.

Við höfum beðið í töluverðan tíma eftir endunýjun á upplýsingarskiltum við helstu leiðir um Flóahrepp og fengum í lok janúar kort og texta fyrir ný skilti til yfirlestrar. Ánægjulegt að sjá aukna uppbyggingu í sveitarfélaginu sem kallar á meiri og betri upplýsingar um búsetuna.

Vinnuhópur um skipulag á uppbyggingu á lóð Flóaskóla hittist á fyrsta fundi 31. janúar ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins og formanni fræðslunefndar. Undibúningur þorablóta stendur nú yfir í öllum þremur félagsheimilum sveitarinnar og því tækifæri framundan fyrir íbúa og gesti að koma saman og gleðjast með nágrönnum og vinum. Sjá nánar um dagsetningar þorablótanna á viðburðadagatali á heimasíðu Flóahrepps.

Bestu kveðjur, Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps.

Frá skrifstofu Flóahrepps:

Sérstaklega þarf að óska eftir útprentuðum
álagningar- og greiðsluseðlum.

Ath. Álagningaseðlar fasteignagjalda verða ekki prentaðir út nema til þeirra sem þess óska heldur sendir rafrænt á island.is. Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka, en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Fjárræktarfélag Villingaholtshrepps heldur aðalfund sinn miðvikudagskvöldið 21. febrúar kl 20:30 í Þjórsárveri. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar. Mætum vel á fundinn sauðfjárþændur.

Stjórnin

Frá ritnefnd Umf. Þjótanda

Sælir ágætu lesendur. Ragnar Sigurjónsson og Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir sem setið hafa í ritnefnd sl. 2 ár gáfu ekki kost á sér áfram á nýliðnum aðalfundi. Bryndís Eva Óskarsdóttir í Dalbæ hefur tekið sæti í nefndinni í staðinn, en ennþá vantar okkur einn í viðbót. Þetta er vinna eitt kvöld í mánuði við ljósritun og heftun í góðum félagsskap og getur hentað hverjum sem er. Áhugasamir hafi samband við Fanneyju formann nefndarinnar sem allra fyrst.

Nú hefur verið ákveðið að hætta að dreifa Áveitunni frítt um Stokkseyrarhrepp og er þetta í síðasta sinn sem það er gert. Þeir sem vilja gerast áskrifendur að blaðinu skulu greiða áskriftargjaldið, 2.500 kr inn á reikning Umf. Þjótanda, 0325-26-590116. Kt. 590116-2030.

Ársskýrsla Umf. Þjótanda er komin út og hefur verið dreift um félagssvæðið. Ef einhverjir utansveitar óska eftir að fá blaðið sent geta þeir látið einhvern í ritnefndinni vita og fengið skýrsluna sér að kostnaðarlausu.

Bestu kveðjur frá ritnefnd

Fréttir frá Krakkaborg

Desember mánuður var rólegur og góður hjá okkur. Við fengum til okkar leikbrúðusýninguna „Pönnukakan hennar Grýlu“. Snillingurinn Bernd Ogrodnik samdi söguna og bjó til leikbrúður og leikmynd. Leiksýningin náði vel til allra aldurshópa. Jólaballið var svo á sínum stað 15. desember, vel heppnað eins og ávallt. Nokkrir krakkar úr Tónlistaskóla Árnesinga, undir stjórn Kolbrúnar Berglindar Grétarsdóttur, spiluðu undir og Kolbrún Katla Jónsdóttir stýrði söngnum.

Nýtt ár fer vel af stað hjá okkur í Krakkaborg. Við fengum góða viðbót í byrjun árs. Tvö börn byrjuðu á yngstu deildinni, Lóudeild, og tveir nýir starfsmenn, annar á Lóudeild og hinn á Krummadeild. Við vinnum áfram að því að fá grænfanann og erum sífellt að þróa okkur í starfinu.

Þriðjudaginn 6. febrúar er dagur leikskólans. Þá ætlum við að hafa opið hús frá kl. 9:00-11:00 og vonum við að sem flestir sjái sér fært að koma í heimsókn.

Bestu kveðjur
Börn og starfsfólk Krakkaborgar.

Aðalfundur og félagsslit

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn þriðjudagskvöldið 20. febrúar í Vatnsholti 2 kl. 20.30.

Þetta verður síðasti fundur þessa félags því félagið hefur sameinast hinum tveimur hrossræktarfélögum í Flóahreppi. Við viljum samt hvetja sem flesta félagsmenn að mæta á þennan síðasta fund félagsins. Þá verður einnig hægt að skrá sig í nýja hrossaræktarfélagið á fundinum.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf og kaffi eftir fund.

Stjórnin

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps og Hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 2. mars 2018 að Ferðapjónustunni Vatnsholti.

Dagskrá hefst kl:20:30 með borðhaldi.

„Hrossamessa“ kræsingar af ýmsum réttum. Kostar aðeins 3000 kr pr mann.

Pantanir í Hrossamessuna þurfa að berast fyrir kl.22:00 mánudaginn 26.febrúar 2018 í síma hjá Atla Geir 898-2256 eða netfangið atligeir@hive.is og Ágústur Inga í síma 899-5494 eða á netfangið agustk@visir.is

Verðlaunaveiting gömlu Hrossaræktarfélaganna fyrir árið 2017. Veitt verða verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Gestur fundarins auglýstur síðar.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

KVÆÐJA

STJÓRN HROSSARÆKTARFÉLAGS FLÓAHREPPS



Glimufréttir

Fjórðungsglíma Suðurlands 2017

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 14. desember. Sjö keppendur frá Umf. Þjótanda tóku þátt og stóðu sig vel, margir á sínu fyrsta mótí. Í karlaflokki börðust þeir Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson um fjórðungsmeistaratítilinn þar sem Stefán hafði betur eftir tvær hörkuviðureignir. Melkorka Álfdrís Hjartardóttir hafnaði í öðru sæti í flokki 11 ára stúlkna, Sæþór Leó Helgason og bræðurnir Björgvin Guðni og Óskar Freyr Sigurðssynir glímdu þrír í flokki 10 ára og yngri þar sem Sæþór sigraði, Óskar varð annar og Björgvin þriðji. Margrét Lóa Stefánsdóttir glímdu í flokki stúlkna 10 ára og yngri og hafnaði í fjórða sæti.

Skjaldarglíma Skarphéðins

Skjaldarglíma Skarphéðins og Bergþóru sem eru jafnframt Héraðsmót HSK í glímu í fullorðinsflokkum var haldin að Laugarvatni fimmtudaginn 28. desember. Keppninni hafði verið frestað vegna skorts á keppendum síðastliðinn vetur en fór nú loks fram. Tveir keppendur mættu til leiks í hvorn flokk Skjaldarglímunnar og líkt og í Fjórðungsglímunnari öttu þeir Stefán og Jón Gunnþór kappi saman. Úrslit fóru á þá leið að Stefán sigraði glímuna um Skarphéðinsskjöldinn í 13. sinn en hann glímdu fyrst um skjöldinn 1999. Jana Lind Ellertsdóttir Garpi sigraði glímuna um Bergþóruskjöldinn annað árið í röð.

Marín Laufey glímukona ársins hjá GLÍ

Marín Laufey Davíðsdóttir úr Umf. Þjótanda var valin glímukona ársins af Glímusambandinu fyrir árið 2017. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún hlýtur þessa útnefningu á ferli sínum en umsögn stjórnarinnar má sjá hér að neðan:

Marín Laufey er 22 ára gömul og átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum árið 2017. Marín sigraði öll glímumót sem hún tók þátt í á árinu 2017 en helsta afrek hennar var þegar hún sigraði Íslandsglímuna og hlaut þar með Freyjumenið í fimmta sinn. Marín keppti einnig á fjölmörgum alþjóðlegum mótum í keltneskum fangbrögðum þar sem hún var ávallt í verðlaunasæti og varð meðal annars Evrópumeistari í backhold og rangglen í apríl. Marín er fyrirmyndaríþróttakona jafnt innan vallar sem utan.

Glímuæfingar og mót framundan

Æfingar eru komnar á fullt eftir jólafrí og eru á þriðjudögum í Félagslundu milli 20 og 21. Allir krakkar á grunnskólaaldri eru velkomnir á æfingar en þjálfarar eru sem fyrr Stefán Geirsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Næsta mót framundan er Grunnskólamót HSK í Reykholti, Biskupstungum sem fram fer 7. febrúar nk.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Gaman saman

Gaman saman samverurnar okkar halda áfram nú í febrúar. Næst hittumst við miðvikudagskvöldið 7. febrúar, og svo aftur mánudagskvöldið 19. febrúar kl. 20-22. Við reiknum með að vera í Þjósárveri, en ef einhver vill þjóða okkur heim, endilega látið einhverja í stjórninni vita sem fyrst.

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjósárveri sunnudaginn 11. mars kl. 14:00.

Dagskrá fundar verður betur auglýst síðar en meðal efnis verður lagabreyting sem kynnt var á haustfundi félagsins í nóvember s.l. og kemur til afgreiðslu á aðalfundi.

Við lögina mun bætist ein grein, 8. grein og hljóðar svo:

„Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi þar sem mættar eru a.m.k. helmingur félagskvenna. Tillagan skal samþykkt með a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða og skulu eignir félagsins renna til líknar- og/eða menningarmála.“

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundarboð

Aðalfundur nýstofnaðs Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldinn **föstudaginn 9. mars** í Þingborg. Fundurinn hefst kl.20.30.

Kaffiveitingar verða í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf, m.a. verður kosið í stjórn félagsins.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka henni Rönnu vinkonu minni fyrir að skora á mig, þetta var afskaplega fallega hugsað hjá henni.

Mér datt í hug að skrifa um þegar ég flutti í Flóann með foreldrum mínum. Ég hafði alla mína tíð búið á bænum Skálavík í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Ég var þá að verða 16 ára og leist mér nú rétt svo mátulega á þá hugmynd enda hafði ég það gott fyrir vestan og eins og flestum unglingum þá var ég lítið hrifinn af breytingum. En það varð úr að foreldrar mínir keyptu jörðina Breiðholt í gamla Villingaholtshreppnum og var ákveðið að flytja þangað seinnipart sumars.

Áður en við tókum við búinu, sem var í september minnir mig, þá þurftum við að fara suður og heyja. Fyrir um vorið hafði Baldur bróðir minn farið suður og borið á túnin. Ákveðið var að fara með allar heyvinnuvélarnar suður. Voru minni vélarnar settar á stóran vagn aftan í traktor og rúlluvélin svo aftan í hinn traktorinn. Lögðu svo Óli bróðir og Stefán mágur minn af stað. Ekki man ég hvaða dag það var en það man ég að þeir lögðu af stað kl 9 að morgni. Um 4 klst síðar hringdu þeir svo úr sjoppunni í Bjarkarlundi. Þá hafði sprungið að framan á öðrum traktorum upp á Þorskafjarðarheiði og þeir þurft að skilja hann eftir. Ég og pabbi vorum að gera okkur klára að fara suður þannig að við kiptum með okkur einu dekki. Skiptum við svo um dekk upp á heiðinni og keyrði ég sem leið lá í Bjarkarlund þaðan sem aftur var haldið af stað, Óli og Stefán á traktorunum en við pabbi á bíl. Það var komið kvöld þegar við pabbi komumst loks á áfangastað. Það bólaði hinsvegar ekkert á traktorsmönnunum fyrir en kl 9 morguninn eftir. Ferðalagið hafði því tekið sólarhring, þar af 16 klst á keyrslu.

Svo tók við heyskapur sem var alltaf nokkuð spennandi því ekki vantaði véladelluna hjá mér. Mér þótti nokkuð mikið til koma hvað túnin í Flóanum voru stór því ekki voru þau mjög umfangsmikil í Djúpinu. Heyskapinn átti að taka með áhlaupi þar sem margt var eftir að gera og ganga frá fyrir vestan. Heyskapurinn gekk vel og okkur fannst hann vera langt kominn þegar Bjartmar heitinn í Breiðholti segir okkur að við ættum svo eftir einn blett fyrir norðan Villingaholtsveg. Þegar við skoðuðum túnið féllust okkur næstum hendur því það reyndist 16 ha að stærð. Stærstu túnin í Skálavík voru um 2 ha þannig að okkur fannst þetta nú ekki vera neinn blettur en allt hafðist þetta að lokum.

Að loknum heyskapi fórum við aftur vestur og undirbjuggum

flutninga. Það var heilmikið mál að pakka öllu niður enda fjölskyldan búin að búa í Skálavík lengi. Eftir að við vorum svo flutt suður komu þrír heiðursmenn í heimsókn til að bjóða okkur velkomin í sveitina. Þeir kynntu sig og sagðist sá fyrsti vera Eiríkur á Gafli, annar var svo Ólafur á Hurðarbaki. Eitthvað fannst mér bæjarnöfnin vera sérkennileg hér fyrir sunnan og var farinn að gera mér í hugarlund að sá þriðji hlyti að vera frá Strompi eða Þakskeggi en svo reyndist nú ekki vera.

Nú er ég búin að búa í Flóanum í að verða 27 ár og líkar mjög vel. Ég náði mér í konu á næsta holti, við byggðum okkur hús, stofnuðum nýbýlið Lyngholt og eigum þrjú börn. Þetta var víst ekki svo slæm hugmynd að flytja hingað í Flóann eftir allt saman.

Ég vil að lokum skora á hann Benedikt Hans Kristjánsson í Ferjunesi að skrifa næsta pistil. Ég er viss um að hann hefur frá einhverju skemmtilegu að segja.

Jón Valgeir Geirsson, Lyngholti

Folaldasýning

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldin sunnudaginn 18. febrúar 2018 í reiðhöll Sleipnis kl. 13.30. Þátttökugjald er 2.500 kr fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera.

Skráningafrestur rennur út kl 22.00 fimmtudaginn 15.

febrúar. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 8995494 og Atla Geir atligeir@hive.is sími 8982256.

Kaffveitingar verða seldar í hléi.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin merfolöld og hestfolöld.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13.00.

KVÆDJA STJÓRNIN

Sveitakeppni grunnskóla á Suðurlandi í skák - úrslit

Sveitakeppni skóla á Suðurlandi var haldin 26. jan. s.l. í Fischersetrinu á Selfossi. Flóaskóli sendi tvær skáksveitir til þátttöku. Yngri (1-5 bekkur) og eldri (6-10 bekkur).

Yngri

Borð	Nafn	Bekkur
1.	Guðbergur Davíð Ágústsson	4.
2.	Óskar Sigurðsson	5.
3.	Helgi Reynisson	4.
4.	Kári Steindórsson	5.

Eldri

Borð	Nafn	Bekkur
1.	Sigurjón Óli Ágústsson	8.
2.	Sigurjón Reynisson	7.
3.	Daði Kolviður Einarsson	7.
4.	Guðmunda Steindórsdóttir	8.
4.	Ásthildur Ragnarsdóttir	9.

Guðmunda og Ásthildur skiptust á að tefla á 4 borði hjá eldri sveit. Yngri sveit Flóaskóla sigraði sinn flokk örugglega með 19 vinninga af 24 mögulegum, tapaði aðeins 5 vinningum.

Eldri sveit hafnaði í 4. sæti af 6 með 9,5 vinninga af 20 mögulegum. Mjög góður árangur hjá krökkunum í Flóaskóla.

Ágúst Valgarð Ólafsson

Aðalfundur og félagsslit

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn mánudagskvöldið 12. febrúar í Félagslundi og hefst kl. 20.00.

Þetta verður síðasti fundur félagsins þar sem félagið hefur sameinast nýstofnuðu Hrossaræktarfélagi Flóahrepps. Hægt verður að skrá sig í nýja félagið og vera þar með stofnfélagi í því.

Við hvetjum sem flesta til að mæta á þennan lokafund félagsins.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf og kaffiveitingar að loknum fundi.

Stjórnin.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá Umf. Þjótanda:

Aðalfundur Umf. Þjótanda fór fram sunnudagskvöldið 28. janúar síðastliðinn í Þingborg. Fundurinn var frekar fámennur en aðeins 10 félagar mættu á fundinn. Á fundinum voru fluttar skýrslur stjórnar, nefnda og deildar auk þess sem gjaldkeri fór yfir reikningana. Árið 2017 kom mjög vel út fjárhagslega og bætti þar með upp tap ársins 2016. Jafnframt kom fram að illa hefði gengið að innheimta félagsgjöld en árið 2018 verður farið að senda rukkanir í heimabanka svo innheimta mun vonandi ganga betur. Á fundinum voru veittar tvær viðurkenningar, annars vegar hlaut Stefán Narfi Bjarnason titillinn íþróttamaður ársins en Stefán varð fjórfaldur Íslandsmeistari í frjálsum íþróttum á árinu í flokki 16-17 ára. Hinsvegar hlaut Baldur Gauti Tryggvason sæmdarheitið Félagi ársins en hann starfaði mikið fyrir félagið á árinu þrátt fyrir að hafa hætt í varastjórn þess. Hann er núna bæði formaður Einbúanefndar félagsins og Þorablótsdeildar. Á fundinum var aðalstjórn félagsins endurkjörin og eru það sem fyrir Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Lilja Ómarsdóttir gjaldkeri og Magnús St. Magnússon ritari sem skipa hana. Guðmundur Bjarnason í Túni sagði sig úr varastjórn en Árni Geir Hilmarsson var kosinn í hans stað. Jón Gunnþór Þorsteinsson og Stefán Narfi gegndu formennsku í íþróttanefnd í sameiningu árið 2017 en Jón sagði af sér á fundinum svo nú er Stefán einn í því embætti. Ekki tókst að kjósa formann skemmtinefndar á fundinum en það mál er í vinnslu. Aðrir nefndarformenn héldu sínum embættum.

Ýmislegt var rætt undir liðnum önnur mál en fyrirferðarmest var umræðan um háa húsaleigu fyrir Haustball félagsins og Þorablót. Auk þess var mikið rætt um Haustballið í Félagslundi og Flóahlaupið en það eru þeir tveir viðburðir sem eru verst sóttir af þeim viðburðum sem Ungmennafélagið stendur fyrir. Rætt var um að annað hvort yrði að leggja þessa tvo viðburði niður eða þá að reyna að efla þá og stækka. Ýmsar hugmyndir komu fram um hvernig mætti fara að því og nokkrar afskaplega góðar.

Þjótandabúningar

Nú á að safna í pöntun á Þjótandagöllum. Hægt er að kaupa gallann í heild sinni, staka treyju eða stakar buxur. Einnig er boðið upp á nafnamerkingu á gallann. Gallar í barnastærðum kosta 7900 en 8900 í fullorðinsstærðum. Nafnamerking kostar 300kr. Þeim sem vilja panta eða fá frekari upplýsingar er bent á að hafa samband við Guðmunda á guðmunda89@gmail.com.

Úrslit af íþróttamótum

Sunnudagurinn 14. janúar var mikill ævintýradagur fyrir unga íþróttafólkið í sveitinni. Dagurinn byrjaði á því að farið var með rútu í Kaplakrikann þar sem **Aldursflokkamót HSK** var meðal annars haldið. Þjótandi stóð sig gríðarlega vel og endaði í 3. sæti í heildarstigakeppninni. Eftir vel heppnað mót var farið að snæða flatbökur í Smáralindinni. Þegar átti að halda heim á leið var því miður búið að loka Hellisheiði og Þrengslum, því þurfti liðið að fara í reiðhöllina í Víðidal og bíða af sér veðrið. Um klukkan 23.30 voru síðan allir komnir heim heilir á húfi og með bros á vör. Hér að neðan má sjá árangur Þjótanda:

Arnór Leví Sigmarsson	'07	60m hlaup	11,70 sek	7. sæti
		600m hlaup	2:54,05 min	7. sæti
		Langstökk	2,61m	7. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,38m	8. sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	'07	60m hlaup	12,28 sek	9. sæti
		600m hlaup	3:02,17 min	8. sæti
		Langstökk	2,53m	9. sæti
		Kúluv.(2kg)	6,74m	4. sæti
Auðunn Ingi Davíðsson	'06	Hástökk	1,10m	4. sæti
		60m hlaup	9,72 sek	3. sæti
		600m hlaup	2:13,04 min	2. sæti
		Langstökk	3,72m	2. sæti
Benjamín M. Magnússon	'06	Kúluv.(3kg)	5,09m	9. sæti
		Hástökk	1,10m	5. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,03m	1. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	60m hlaup	9,68 sek	2. sæti
		600m hlaup	2:28,57 min	6. sæti
		Kúluv.(3kg)	6,24m	5. sæti
Oddur Olav Davíðsson	'06	60m hlaup	9,73 sek	4. sæti
		600m hlaup	2:09,87 min	1. sæti
		Hástökk	1,15m	4. sæti
		Langstökk	3,47m	4. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	Kúluv.(3kg)	5,45m	8. sæti
		60m hlaup	9,38 sek	1. sæti
		Hástökk	1,27 m	1. sæti
		Langstökk	3,33m	7. sæti
Christopher D. Hansson	'05	Kúluv.(3kg)	5,47m	7. sæti
		Langstökk	3,15m	8. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,69m	7. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	9,07 sek	3. sæti
		600m hlaup	1:54,87 min	1. sæti

		60m gr.(76,2cm)	12,07 sek	2. sæti
		Hástökk	1,30m	2. sæti
		Langstökk	4,61m	1. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,64m	6. sæti
Eyrún Sif Elíasdóttir	'07	Kúluv.(2kg)	6,05m	1. sæti
Svandís Aitken Sævarsd.	'07	60m hlaup	10,26 sek	2. sæti
		Hástökk	1,10m	4. sæti
		Langstökk	2,76m	6. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,62m	6. sæti
Þórunn Eva Ingvarsdóttir	'07	60m hlaup	12,08 sek	11. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,30m	10. sæti
Auður Sesselja Jóhannesd.	'06	60m hlaup	11,71 sek	10. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,72m	13. sæti
Laufey Árnadóttir	'06	Langstökk	2,22m	13. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,98m	12. sæti
Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	Langstökk	2,69m	12. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,32m	11. sæti
Soffía Náttól Andrad.	'06	60m hlaup	10,03 sek	3. sæti
		600m hlaup	2:16,83 min	4. sæti
		Langstökk	3,37m	8. sæti
Þórunn Sturlud. Schacht	'06	60m hlaup	10,83 sek	6. sæti
		Langstökk	3,12m	11. sæti
		Kúluv.(2kg)	6,16m	8. sæti
Elísabet Ingvarsdóttir	'05	60m hlaup	12,06 sek	14. sæti
		Langstökk	2,46m	15. sæti
Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	60m hlaup	10,04 sek	10. sæti
		600m hlaup	2:25,40 min	5. sæti
		Langstökk	2,81m	15. sæti
Katrín Ágústsdóttir	'05	Hástökk	1,35m	2. sæti
		Langstökk	3,98m	3. sæti
		Kúluv.(2kg)	8,49m	6. sæti
Freyja Kristín Guðjónsd.	'04	60m hlaup	11,22 sek	9. sæti
		Langstökk	2,46m	9. sæti
		Kúluv.(3kg)	6,81m	6. sæti

Héraðsmót HSK fór fram einnig þann 14. janúar og þar átti Þjótandi einn keppanda, Stefán Narfa Bjarnason. Hann stóð sig frábærlega líkt og árangurinn hér að neðan sýnir.

7,58 sek 1. sæti

800m hlaup	2:46,28 min	2. sæti
60m gr.(106,7cm)	17,24 sek	4. sæti
Hástökk	1,60m	1. sæti
Langstökk	5,71m	2. sæti
Kúluv.(7,26kg)	10,48m	2. sæti

Þann 14. janúar fór einnig fram **Unglingamót HSK** og þar átti Þjótandi 4 keppendur. Þeir stóðu sig allir mjög vel og enduðu í 2. sæti í heildastigakeppninni.

Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	8,57 sek	3. sæti
		60m gr(84cm)	12,07 sek	3. sæti
		800 m hlaup	2:54,43 mín	3. sæti
		Hástökk	1,35 m	3. sæti
		Langstökk	4,10 m	3. sæti
		Kúluvarp	8,14 m	4. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	8,22 sek	2. sæti
		60m gr(84cm)	10,87 sek	2. sæti
		800 m hlaup	2:46,17 mín	2. sæti
		Hástökk	1,45m	2. sæti
		Langstökk	4,87m	2. sæti
		Kúluv.(4kg)	9,66m	1. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	60m hlaup	8,01 sek	5. sæti
		Langstökk	5,14m	5. sæti
		Kúluv.(5kg)	9,55m	6. sæti
		800 m hlaup	2:35,01 mín	2. sæti
Hugi Snær Jónsson	'01	60m hlaup	8,21 sek	7. sæti
		60m gr.(91,4cm)	11,08 sek	4. sæti
		Hástökk	1,20m	6. sæti
		Langstökk	4,54m	7. sæti
		Kúluv.(5kg)	7,42m	8. sæti
		800 m hlaup	2:35,09 mín	3. sæti

Þjótandi átti tvo keppendur á stórmóti ÍR sem fór fram 20. janúar í Laugardalshöllinni. Hér er árangurinn þeirra:

Unnsteinn Reynisson	'03	60m gr.(84cm)	10,36 sek	2. sæti
		Hástökk	1,50m	3. sæti
		Þristökk	10,58m	2. sæti
		Kúluv.(4kg)	9,56m	5. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	60m hlaup	7,99 sek	16. sæti
		Langstökk	4,96m	11. sæti
		Kúluv.(5kg)	9,64m	9. sæti

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram helgina 27. og 28. janúar . Þjótandi átti þar 8 keppendur sem kepptu fyrir hönd HSK/Selfoss og stóðu þau sig frábærlega. HSK/Selfoss sigraði stigakeppnina með yfirburðum með 875,5 stig og FH kom þar á eftir með 559,5 stig. Hér má sjá árangur Þjótanda:

Eyrún Sif Elíasdóttir	'07	Kúluv.(2kg)	5,21m	14. sæti
Katrín Ágústsdóttir	'05	Kúluv.(2kg)	8,30m	8. sæti
		Langstökk	3,80m	20. sæti
		Hástökk	1,27m	15.-16. sæti
Auðunn Ingi Davíðsson	'06	60m hlaup	9,83 sek	15. sæti
		600m hlaup	2:01,11min	5. sæti
		Hástökk	1,07m	19. sæti
		Langstökk	3,54m	10. sæti
		Kúluv.(3kg)	4,10m	25. sæti
Benjamín M. Magnússon	'06	Hástökk	1,07m	16.-18. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,37m	2. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	60m hlaup	9,68 sek	12. sæti
		Langstökk	3,43m	15. sæti
Oddur Olav Davíðsson	'06	60m hlaup	9,88 sek	19. sæti
		Langstökk	3,41m	17. sæti
		Kúluv.(3kg)	4,68m	21. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	60m hlaup	9,57 sek	10. sæti
		Hástökk	1,17m	12. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	9,06 sek	7. sæti
		600m hlaup	1:52,67 min	4. sæti
		60m gr.(76,2cm)	12,31 sek	12. sæti
		Hástökk	1,22m	11.-17. sæti
		Langstökk	4,54m	2. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,59m	6. sæti

Frá Villingaholts- og Hraungerðiskirkjum:

Villingaholtskirkja

Messa verður í Villingaholtskirkju, sunnudaginn **11. febrúar kl 13.30**, Prestur er sr. Guðbjörg Arnardóttir, kirkjukórinn leiðir söng við undirleik Inga Heiðmars Jónssonar organista.

Hraungerðiskirkja

Messa verður í Hraungerðiskirkju, sunudaginn **4. mars kl. 13.30**. Prestur er sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, kirkjukórinn leiðir söng við undirleik Inga Heiðmars Jónssonar organista.

Aðalsafnaðarfundur að messu lokinni.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum okkar

Hjónaball Gaulverja 10. febrúar 2018

Við minnum á miðapantanir fyrir Hjónaskemmtun Gaulverja eru nú í fullum gangi og fer hver að verða síðastur að tryggja sér öruggt sæti og gæða sér á ljúfengum þorramat, súrum og ósúrum og skemmta sér yfir óborganlegum skemmtiatriðum.

Fresturinn rennur út þriðjudagskvöldið 6. febrúar 2018.

Pantanir fara fram hjá Katrínu Austurbæ 8621464/
katrin99(hjá)hotmail.com og Kristínu Gaulverjabæ
4863380.

Framvísun hjúskaparvottorða er ekki skilyrði enda skemmtunin opin öllum, einhleypum sem harðgiftum.

Miðaverð er 7500kr

Hljómsveitin Allt í Einu mun leika fyrir dansi og húsið opnar fyrir ballgesti kl 24:00 miðaverð á ballið er 2000kr.

Bestu kveðjur, nefndin



Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	6. febrúar
Opið hús í leikskólanum	6. febrúar
Gaman saman	7. febrúar
Grunnskólámót í glímu	7. febrúar
Hjónaball Gaulverja	10. febrúar
Messa í Villingaholtskirkju	11. febrúar
Æfing unglingar Þingborg	11. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverja	12. febrúar
Glímuæfing	13. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	17. febrúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju kl 14.	18. febrúar
Folaldasýning	18. febrúar
Gaman saman	19. febrúar
Æfing unglingar Þingborg	19. febrúar
Glímuæfing	20. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfél. Villingaholtshr.	20. febrúar
Aðalfundur Fjarræktarfélags Villingaholtshr.	21. febrúar
Æfing unglingar Þingborg	26. febrúar
Glímuæfing	27. febrúar
Uppskeruhátíð hrossaræktarfélagsins	2. mars
Messa í Hraungerðiskirkju	4. mars